



Til þess er málið varðar.

Brunavarnasvið Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS), Félag slökkviliðsstjóra á Íslandi (FSÍ) ásamt Fagráði vatnsveitna SAMORKU, samtaka orku- og veitufyrirtækja á Íslandi hafa hafið samstarf er varðar samræmda úttekt á slökkvivatni vatnsveitna á Íslandi.

Tilurð þessa samstarfs byggir á niðurstöðu úttektar á starfsemi slökkviliðanna sem framkvæmd var af Brunavarnasviði HMS árið 2021 ásamt umleitan Veitna eftir áramót 2024 til Brunavarnasviðs HMS er varðar leiðbeiningar um slökkvivatnspörf bygginga og kröfur til brunahana.


Ein af athugasemdum sem fram komu við úttekt á starfsemi slökkviliðanna er sú, að 55% slökkviliðsstjóra telja að þörf sé á að gera úrbætur á vatnsveitu og dreifikerfi á sínu starfssvæði til að tryggja að nægjanlegt vatn og vatnsþrýstingur sé til staðar til slökkvistarfs. Einnig kom fram að gera þyrfti samræmda úttekt á vatnsveitum og dreifikerfum á starfssvæðum allra slökkviliðna landsins í samstarfi við vatnsveitur og leita leiða til að efla vatnsöflun og tryggja slökkvivatn á erfiðum svæðum.

Með vísan til laga um brunavarnir nr. 75/2000 segir m.a. í 6. gr. að HMS skuli vinna að samræmingu brunavarna í landinu og stuðla að samvinnu þeirra er starfa að brunavörnum. Einnig kemur m.a. fram í 11. gr. sömu laga að sveitarfélögum beri að sjá til þess að nægjanlegt vatn og vatnsþrýstingur sé fyrir hendi til slökkvistarfs og vatnsveitur anni sértækum slökkvibúnaði bygginga þar sem hans er krafist, eins ef það sé einhverjum vandkvæðum bundið þurfi að leita annarra leiða til þess að tryggja brunavarnir. Í 16. gr. laganna kemur m.a. fram að slökkviliðsstjóri skuli hafa eftirlit með virkni brunahana í sínu umdæmi í samráði við rekstraraðila viðkomandi vatnsveitu. Jafnframt er vísað til annarra verkefna sveitarfélaga skv. 27. gr. reglugerðar nr. 723/2017 um eldvarnir og eldvarnareftirlit.


Það er mikið hagsmunamál allra í landinu að viðbragðsaðilar hafi raunsanna mynd af stöðu mála á hverju svæði svo hægt sé að skipuleggja fyrsta viðbragð í samræmi við fyrirliggjandi bjargir. Að þessu sögðu fer Brunavarnasvið HMS, Fagráð vatnsveitna SAMORKU ásamt Félagi slökkviliðsstjóra þess á leit við vatnsveitur og slökkviliðsstjóra í landinu að taka þátt í þessu samræmda verkefni. Samkvæmt lögum um brunavarnir skulu slökkviliðsstjórar hafa eftirlit með virkni brunahana en mikilvægt er að tryggja gott samstarf milli vatnsveitna og slökkviliðna, horft sé til takmarkandi þátta og svæða veitukerfa sem og áhættumats slökkviliðs á hverju starfssvæði.

Meðfylgjandi skjali þessu er forskráð verklag sem áður nefndur samráðshópur hefur komið sér saman um varðandi framkvæmdina sem og spurningarlisti varðandi uppbyggingu og áfallaþol viðkomandi veitukerfis. Vinsamlegast staðfestið móttöku og tilkynnið ykkar tengilið á netfangið brunavarnasvid@hms.is, ef einhverjar spurningar eru vinsamlegast sendið þær á sama netfang. Óskað er eftir því að mælingum sé lokið og gögn berist Brunavarnasviði HMS fyrir 1. september næstkomandi.

Samrit þessa bréfs er sent á allar sveitastjórnir, vatnsveitur, landshlutafélög á Íslandi, alla slökkviliðsstjóra landsins sem og Samband Íslenskra Sveitarfélaga.



Fh. HMS, Ingvar G. Sigurðarson
Sérfræðingur á Brunavarnasviði HMS



Fh. FSÍ, Ingvar Sigurðsson
Slökkviliðsstjóri Húnabyggðar



Fh. SAMORKU, Almar Barja
Verkefnastjóri faghópa